

Nd.

411. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 44 27. júní 1941, um tannlæknakennslu við læknadeild háskólans.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

2. gr. laganna hljóði þannig:

Kveða skal á um tilhögun kennslu og prófa í reglugerð og miðað við það, að náminu verði lokið á 4—5 árum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frv. er flutt að beiðni fyrrverandi menntamálaráðherra og háskólarektors. Einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur um afstöðu til þess.

Frá háskólanum fylgdi eftirfarandi greinargerð:

Í lögum um tannlæknakennslu við læknadeild háskólans, nr. 44 27. júní 1941, 2. gr., er svo ákveðið, að stúdentar, sem leggja vilja stund á tannlæknanám og ljúka tannlæknaprófi, skuli hafa lokið miðhlutaprófi í læknisfræði. Var ákvæði þetta við það miðað, að tannlæknum væri nauðsynleg nokkur þekking í námsgreinum þeim, sem kenndar eru til fyrrihlutaprófs í læknisfræði, og var talið, að spara mætti nokkurt fé með því að láta tannlæknanema njóta kennslu í námsgreinum þessum með læknanemunum.

Þessi námstilhögun virðist þó ekki muni gefast vel. Miðhlutaprófi ljúka læknanemar nú að jafnaði eftir 5 ára nám og eiga þá eftir 2 ára nám til fullnaðarprófs. Að miðhlutaprófi loknu er því eðlilegt, að allur þorri stúdenta kjósi heldur að halda læknanáminu áfram en að bæta við sig tveggja ára sérnámi, sem aðeins veitir þeim rétt til tannlækninga. Með þessu fyrirkomulagi tekur allt tannlæknanámið 7 ára tíma, og er það mun lengri tími en slíkt nám tekur víðast hvar annars staðar.

Verði þessari tilhögun eigi breytt, er hætt við, að aðsóknin að tannlækna-kennslunni verði lítil eða jafnvel engin. Af þeim sökum hefur læknadeild lagt til, að lögum verði breytt á þá leið, sem í frumvarpinu greinir, og hefur háskólaráð fallið á þá tillögu deildarinnar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að öll nánari ákvæði um kennslu og próf í tannlækningum verði sett í reglugerð, þó svo, að kennslunni verði svo hagað, að náminu verði lokið á 4—5 árum. Á þeim tíma mundu stúdentar geta aflað sér nægilegrar þekkingar til að verða fullfærir í starfi sínu. Þess er eigi þörf að krefjast jafnmikillar þekkingar af þeim og læknanemum í námsgreinum þeim, er kenndar eru til miðhlutaprófs. Tannlæknanemunum mundi nægja 2—3 ára nám í þeim greinum, og að sjálfsgöðu yrði þá að miða kennsluna við þeirra hæfi og þeir gætu ekki notið kennslu í þeim með læknanemunum. Yrði því að sjá þeim fyrir sérstakri kennslu í þessum greinum og ráða stundakennara til hennar. Mundi það hafa nokkurn aukakostnað í för með sér, á að gizka 15—20 þús. krónur, miðað við núverandi vísitölu.

Eins og að framan er getið, er viðbúið að kennsla í tannlækningum hér á landi falli niður, verði þess framvegis krafizt, að tannlæknanemar ljúki miðhlutaprófi í læknisfræði. Lögjafinn hefur með setningu laganna nr. 44 frá 1941 viðurkennt nytsemi þess, að slíkri kennslu sé haldið uppi, enda er sú nytsemi auðsæ, og nægir þar að benda á, hversu mikinn erlendan gjaldeyri það sparar þjóðinni, ef allir tannlækna- hennar geta fengið menntun sína innanlands. En til þess að það geti orðið, þarf að breyta núgildandi lögum um tannlæknakennslu í það horf, sem í frumvarpinu felst.